Nd. **495. Breytingatillögur**

við frv. til stjórnarskipunarlaga á þingskj. 459.

Frá Jóni Þorkelssyni, Skúla Thoroddsen, Bjarna Jónssyni frá Vogi og Benedikt Sveinssyni.

1. Við 3. gr.

Fyrir: »fer þá er nauðsyn krefur, á konungsfund« komi: fer á konungs fund, þá er nauðsyn krefur.

2.—5. gr. orðist svo:

Konungur getur rofið alþingi, með þeim takmörkunum, sem segir í 9. gr., og skal þá stofna til nýrra kosninga áður tveir mánuðir sé liðnir frá því, er þing var roflð, og skal alþingi stefnt saman innan árs.

3. Við 6. gr. Fyrir: »enda sé neðri deild eigi rofin« komi: enda sé alþingi eigi rofið.

4. — 8. — Greinin orðist svo:

Alþingi skiftist í tvær deildir: Efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 26 þingmenn kosnir óhlutbundnum kosningum í kjördæmum landsins, en í efri deild eiga sæti 6 þingmenn kosnir hlutfallskosningum um land alt og auk þess 8 þingmenn, er sameinað alþingi sjálft kýs þar til óbundnum kosningum úr flokki annara þingmanna fyrir allan kjörtímann í fyrsta sinn, sem það kemur saman eftir að nýjar kosningar hafa farið fram. Verði nokkurt sæti laust í efri deild meðal þessara þingmanna, er nú voru næst nefndir, þá ganga báðar þingdeildirnar, þegar búið er að kjósa nýjan alþingismann, saman til þess að velja mann í hið auða sæti fyrir þann tíma, sem eftir er kjörtímans.

Breyta má tölum þessum með lögum, sé tölu þingmanna breytt.

5. — 9. — Greinin orðist svo:

16. gr. stjskr. falli burt, en í staðinn komi: 34 af þingmönnum skulu kosnir til 6 ára í sérstökum kjördæmum, óhlutbundnum kosningum eftir því sem kosningarlög mæla fyrir, en 6 þingmenn skulu kosnir hlutfallskosningum um land alt til 6 ára allir í senn og jafnmargir varaþingmenn um leið og á sama hátt. Þingrof ná eigi til þeirra. Kosningar þingmanna í kjördæmum fara að jafnaði fram samtímis. Nú deyr einhver þeirra á kjörtímabilinu eða fer frá, og skal þá kjósa þingmann í hans stað fyrir það sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti meðal þeirra, sem kosnir eru hlutfallskosningum um land alt, tekur það sæti varaþingmaður, sá er í hlut á.

Nánari reglur um hlutfallskosningar 6 efri deildar þingmanna og varaþingmanna skulu settar með lögum.

6. Við 10. gr.: Fyrir tvær síðustu málsgreinarnar komi: Nú hafa hjón óskilinn fjárhag, og missir konan þó eigi kosningarrétt fyrir það, né heldur, þótt bóndi hennar verði gjaldþrota eða þiggi af sveit.

7. Við 10. gr.: Til vara: Síðasta málsgrein falli niður.
8. Við 12. gr.: Greinin falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.
9. Við 15. gr.: Fyrir »fjárlaganefndirnar í heild sinni« komi: meiri hluti fjárlaganefndar.
10. Við 17. gr.: Greinin falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.
11. Við 22. gr.: Orðin: »og landsstjórn« falli niður.
12. Við 23. gr.: Eftir orðin: »í landinu« bætist inn: til samþyktar.
13. Ákvæði um stundarsakir orðist svo:

Umboð konungkjörinna þingmanna falla niður þegar er stjórnarskipunarlög þessi koma í gildi og skulu þá kosnir í fyrsta sinn sex þingmenn til efri deildar og sex varaþingmenn með hlutfallskosningum um land alt.

Varatillögur:

Við 9. gr. Fyrir »12 ára« komi: 9 ára.
Við 9. gr. Fyrir »tjórða hvert« komi: »þriðja hvert«.